

## Fundur foreldrafélags Arnarsmára

**Dagsetning:** 7. október 2025

**Staðsetning:** Arnarsmári leikskóli

**Fundur settur** – kl.16:30

### **Viðstaddir:**

Ísak Hilmarsson, Hanna Björk Geirsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir, Inga Sigríður Björnsdóttir, Margrét Regína Grétarsdóttir og Silja Guðbjörg Hafliðadóttir

### **Málefni rædd:**

#### **1. Liðsauki í foreldrafélagið**

Þurfum að óska eftir fleirum í foreldrafélagið og einum í foreldraráðið á Aðalfundinum í næstu viku, 14.okt.

#### **2. Jólaleikrit**

Er skv. dagatali skráð 18.des

Erum að fá tilboð frá Skjóðu, Hanna verður í sambandi við þau. Verðið fyrir hana er 70.500 kr.

#### **3. Félagsgjöld fyrir þetta skólaár.**

Ákveðið að hækka gjald fyrir 2 börn, úr 9.900 í 10.990. Gjaldið fyrir eitt barn helst það sama og í fyrra, 6900 kr.

#### **4. Jólagjafir.**

Elísabet ætlar skoða tilboð á bókum, 56 elstu börn, 28 yngri börn. Í fyrra kostuðu bækurnar 850 kr stykkið, stefnum á að finna ódýrari bækur í ár.

#### **5. Jólasveinar.**

Voru pantaðir í fyrra, bókaðir 12.des

#### **6. Piparkökumálning.**

Leikskólinn ætlar að taka yfir þessum viðburði og halda hann á virkum degi frá 15-17. Leikskólinn greiðir fyrir og starfsmenn sjá um viðburðinn.

#### **7. Sveitaferð**

Bókuð 8. maí. Umræða um hvort færa eigi sveitaferðina yfir á helgi en niðurstaðan var að halda okkur við virkan dag svo öll börn leikskólans hafi tök á að fara í sveitaferðina.

#### **8. Vorhátíð**

Ákveðið að panta ekki pizzur fyrir næstu vorhátíð heldur bjóða frekar upp á frostpinna.

#### **9. Kosin stjórn**

Formaður: Elísabet Gunnarsdóttir

Varaformaður:

Gjaldkeri: Hanna Björk Geirsdóttir

Ritari: Inga Sigríður Björnsdóttir

Stjórnarmeðlimur:

***Fundi slitið – kl.17:30***